

REGLUGERÐ

um fjárhæðir frítekjumarka (tekjumarka) almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2023.

1. gr.

Frítekjumörk (tekjumörk) bóta samkvæmt lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2023:

	<i>frítekjumark kr.</i>	<i>efra tekjumark kr.</i>
a. Vegna fjármagnstekna skv. a-lið 2. mgr. 16. gr.	98.640	
b. Tekjutrygging vegna atvinnutekna skv. ákvæði til bráðabirgða	2.400.000	
c. Ellilífeyrir skv. 1. mgr. 23. gr.		
i. Almenn	300.000	8.508.773
ii. Vegna atvinnutekna	2.400.000	
d. Hálfur ellilífeyrir skv. 2. mgr. 23. gr.		
i. Almenn	3.900.000	8.004.400
ii. Vegna atvinnutekna	2.400.000	
g. Örorkulífeyrir skv. 5. mgr. 18. gr.	2.575.220	10.338.153
h. Örorkustyrkur skv. 1. mgr. 19. gr.	2.575.220	10.226.953
i. Örorkustyrkur skv. 2. mgr. 19. gr.	2.575.220	10.338.153
j. Aldurstengd örorkuuppbót (100%) skv. 1. mgr. 21. gr.	2.575.220	10.338.153
k. Tekjutrygging vegna lífeyrissjóðstekna skv. 3. mgr. 22. gr.	328.800	
l. Ráðstöfunarfé skv. 8. mgr. 48. gr.		1.705.957

2. gr.

Frítekjumörk (tekjumörk) bóta samkvæmt lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2023:

	<i>frítekjumark kr.</i>	<i>efra tekjumark kr.</i>
a. Endurhæfingarlífeyrir skv. 3. mgr. 7. gr.	2.575.220	10.338.153
b. Heimilisuppbót með ellilífeyri skv. 2. mgr. 8. gr.		
i. Almenn	300.000	8.144.067
ii. Vegna atvinnutekna	2.400.000	
iii. Með hálfum ellilífeyri	3.900.000	7.822.084
iv. Með hálfum ellilífeyri vegna atvinnutekna	2.400.000	
c. Heimilisuppbót með örorkulífeyri skv. 3. mgr. 8. gr.		
i. Vegna atvinnutekna	2.400.000	
ii. Vegna lífeyrissjóðstekna	328.800	
d. Sérstök uppbót skv. 2. mgr. 9. gr.:		
i. Til lífeyrisþega sem fær greidda heimilisuppbót		389.301
ii. Til lífeyrisþega sem fær ekki greidda heimilisuppbót		309.616

3. gr.

Tekjumörk bóta samkvæmt reglugerð nr. 1200/2018, um heimilisuppbót og uppbætur á lífeyri, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2023:

Frekari uppbætur skv. 11. gr.	<i>efra tekjumark kr.</i>
	3.562.652

4. gr.

Frítekjumark: Með frítekjumarki er í reglugerð þessari átt við fjárhæð tekna á ári sem ekki hefur áhrif á bætur.

Efra tekjumark: Með efra tekjumarki er í reglugerð þessari átt við fjárhæð tekna á ári sem veldur því að bætur falla niður.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 70. gr., sbr. 69. gr., laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 14. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2023. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 617/2022, um fjárhæðir frítekjumarka (tekjumarka) almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2022.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, 20. desember 2022.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Jóna Guðný Eyjólfsdóttir.